

Alþingi
bt. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. nóvember 2001 2001110074

Persónuafsláttur barna. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar til að undirbúa lagabreytingar.

Þann 6.nóvember sl barst embættinu til umsagnar frá hæstvirkri efnahags og viðskiptanefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar.

Um er að ræða **pskj.151, 151.mál** yfirstandandi þings. Er þar gerð tillaga um að sett verði á laggirnar nefnd á vegum Alþingis til að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að foreldrar njóti 50% persónuafsláttar fyrir hvert barna sinna.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

Almennt

Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir sérstökum aukapersónuafslætti hjá barnafjölskyldum til viðbótar núverandi kerfi um barnabætur en í því sambandi er miðað við 16 ára aldur.

Ekki liggur ljóst fyrir hvort aukapersónuafsláttur þessi reiknist einungis til frádráttar álögdum gjöldum eða komi til útborgunar hjá tekjulágum.

Þá liggur ekki fyrir hvort ákvæðum um aukapersónuafslátt þennan sé ætlað að koma til framkvæmda þegar á staðgreiðsluári.

Af framangreindu þykir rétt að gera eftirfarandi athugasemdir:

Fyrst er til að taka að komist slíkar lagabreytingar á væri í raun verið að ákvarða foreldrum ótekjutengdar barnabætur rúmar 12 600 kr á barn á mánuði.

Þó þannig að bæturnar kæmu ekki til útborgunar ef við það er miðað að um þessa viðbót giltu allar reglur persónuafsláttarins að því er varðar ráðstöfun hennar, millifærslu milli maka o.þ.h.

Hjá þeim foreldrum sem hafa mjög lágar tekjur kæmi bótarétturinn ekki að notum en bæturnar nýttust að fullu til lækkunar skatta hjá þeim tekjuhærri. Verður ekki séð að þessi tilhögun sé í anda þess sem að er stefnt í núverandi skattumhverfi barnafjölskyldna.

Í öðru lagi fylgdu samþykkt tillögunnar ýmsir framkvæmdaerfiðleikar ef gert væri ráð fyrir að framkvæmdin ætti sér stað þegar á staðgreiðsluárinu.

Barnabótaútborgun sem nú á sér stað í gegnum skattkerfið fer fram fjórum sinnum á ári og

tekur mið af fjölskylduaðstæðum bótaþega í byrjun hvers ársfjórðungs.

Ef tillagan kæmi til framkvæmda á staðgreiðsluárinu væri framkvæmd þessi sett á herðar launagreiðenda í landinu. Þeim yrði gert að fylgjast með og framkvæma þessar reglur.

Myndi slíkt hafa í för með sér aukið utanumhald á ýmsa vegu hjá atvinnurekendum.

Enginn sparnaður í tíma, mannafla eða fjármunum yrði þó hjá skattkerfinu sem eftir sem áður yrði að yfirfara og leiðrétt og fylgjast með greiðsluþættinum.

Í þriðja lagi væri upptaka á slíku fyrirkomulagi verulegt afturhvarf frá núgildandi skipan skattamála.

Horfið væri frá einföldum og skýrum persónuafsláttarreglum þar sem hver skattþegn nýtur vissrar fjáhæðar með fastri skipan og í samræmi við talsvert fastmótaða framkvæmd. Þess í stað yrði við skattútreikninga að taka tillit til breytinga á fjölskyldu og aldri barna o.þ.h. með í dæmið. Óþolandi réttaróvissa gæti skapast og ýmis sjónarmið ekki ljós. Slíkir fjölskylduskattútreikningar tíðkuðust fram að síðasta fjórðungi aldarinnar sem leið í eftirágreiðslukerfi skatta og útsvara. Þá var mönnum ákvarðaður sérstakur fjölskyldufrádráttur sem m.a. tók tillit til barna. Var talið horfa til verulegra bóta að afleggja þá útreikninga með öllu. Þess í stað var á árinu 1975 tekið upp barnabótakerfi sem tók mið af fjölskyldugerð, aldri barna og síðar meir tekjum foreldra og eignum. Þetta fyrirkomulag sem ekki er gallalaust er þó það sem menn hafa orðið ásáttir um að ætti að ríkja. Sér ríkisskattstjóri engar forsendur nú til að hverfa frá því og taka upp aðra hætti sem að auki verður að telja til muna flóknari og dýrari í framkvæmd en núverandi aðferðir. Ef niðurstaðan er sú að barnabótakerfið í núverandi mynd nái ekki markmiðum sínum telur ríkisskattstjóri bæði heppilegra og eðlilegra að gerðar verði þóknanlegar lagfæringar á barnabótakerfinu í stað þess að flækja tekjuskattkerfið meira en orðið er.


Í fjórða lagi má benda á kostnaðarþáttinn fyrir ríkissjóð. Heildarpersónuafsláttur í samræmi við tillöguna vegna þeirra barna sem eru á framfæri foreldra sinna hér á landi gæti numið allt að einum milljarði á ári.

Án þess að ríkisskattstjóri taki beina afstöðu til þess má benda á að gera yrði ráð fyrir svo verulegri útgjaldaaukningu annað hvort með aukinni tekjuöflun ríkissjóðs, eða tilfærslum í núverandi fjölskyldubótakerfi hins opinbera eða með almennum niðurskurði og sparnaði.

Með vísan til framanritaðs lýsir ríkisskattstjóri sig andvígán efni tillögunnar eins og hún er lögð fram.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Ragnvaldsson


Steinþór Haraldsson